

Nd.

523. Frumvarp til laga

[285. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985—86.)

I. KAFLI

Starfsheiti.

1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla eða framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur

- a) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- b) námi við Kennaraháskóla Íslands ásamt fullgildum prófum, sem miðast við kennslu í grunnskóla;
- c) BA-prófi, BS-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands ásamt fullgildu námi í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda;
- d) námi við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík ásamt fullgildum prófum;
- e) námi við teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- f) námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- g) námi við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- h) öðru jafngildu námi.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur

- a) námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 60 einingar í sérgrein;
- b) námi í faggrein eða sérgrein ásamt fullgildum prófum frá skóla er menntamálaráðuneytið viðurkennir, auk náms í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda er jafngildir 30 einingum;
- c) námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- d) öðru jafngildu námi.

Leyfi skv. 1. gr. má enn fremur veita þeim sem ekki uppfyllir skilyrði þessarar greinar en hefur verið skipaður í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 1. mgr. 2. gr. skal leita úrskurðar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. mgr. 2. gr. skal leita úrskurðar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Matsnefndir úrskurða einnig leiki vafi á hvort umsækjandi um kennslu- eða stjórnunarstarf fullnægi skilyrðum 4., 6., 7., 9. eða 10. gr.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu kerfi skal staðfest af matsnefnd sbr. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Matsnefndir leita upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

II. KAFLI

Starfsréttindi.

4. gr.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. og skal hann hafa lokið

- a) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- b) B.Ed-prófi frá Kennaraháskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum, sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngilda a. m. k. 90 einingum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 30 einingar í sérgrein, valgrein eða á sérsviði;
- c) BA-prófi, BS-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum ásamt námi í uppeldis- og kennslufræði sem jafngildir a. m. k. 30 einingum. Skal við það miðað að þessir kennarar kenni sérgreinar sínar við grunnskóla;
- d) öðru jafngildu námi.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari við grunnskóla í handmennt, myndmennt, tónmennt eða í heimilisfræðum skal umsækjandi hafa tekið viðkomandi grein sem valgrein í almennu kennaranámi eða lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla. Námið skal jafngilda a. m. k. 90 einingum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari í íþróttum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið

- a) námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
- b) öðru jafngildu námi.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn sérkennari nemenda með sérþarfir í almennum skólum á grunnskólastigi skal grunnskólakennari hafa lokið

- a) framhaldsnámi í sérkennslufræðum, 30 til 60 einingum, eftir nánari ákvörðun Kennaraháskóla Íslands, ásamt fullgildum prófum;
- b) öðru jafngildu námi.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn sérkennari við sérdeildir eða skóla fyrir börn með sérþarfir skal grunnskólakennari hafa lokið

- a) 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum ásamt fullgildum prófum;
- b) öðru jafngildu námi.

Heimilt er að setja kennara með fullgilt kennarapróf við sérdeildir eða skóla fyrir börn með sérþarfir um eins árs skeið til reynslu enda sérhæfi hann sig til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

5. gr.

Engan skal skipa kennara við grunnskóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan í a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

6. gr.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn til kennslustarfa við forskóla skal umsækjandi uppfylla skilyrði 4. gr. og jafnframt skilyrði 5. gr. ef um skipun er að ræða.

7. gr.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr.

Til skipunar, setningar eða ráðningar í eftirtalin kennslustörf við framhaldsskóla gilda auk þess eftirtalin skilyrði:

- a) Kennari í íþróttum skal hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands eða öðru jafngildu námi.
- b) Kennari í list- og verkmenntagreinum skal hafa lokið námi við listaháskóla eða aðra sérskóla sem jafngildir a. m. k. 90 einingum ásamt fullgildum prófum þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.
- c) Kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða og hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.
- d) Kennari í sérgreinum stýrimannánáms skal hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmllestir.
- e) Kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi, sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnarréttindi auk starfsreynslu og meistararéttinda.
- f) Kennari í sérgreinum heilbrigðisnáms skal hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða öðru jafngildu námi.
- g) Kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum skal hafa lokið hússtjórnarkennara-prófi, handavinnukennara-prófi eða vefnaðarkennara-prófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru jafngildu námi.

- h) Kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.
- i) Kennari í myndlistar- og listiðnaðargreinum við Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal hafa lokið námi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir við listaskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
- j) Kennari í tónlistargreinum við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík skal hafa
 - 1) tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfærleik, söng eða tónfræðum eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu;
 - 2) lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (Conservatoire) eða tónlistarháskóla;
 - 3) sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
- k) Kennari í sérgreinum við Hótel- og veitingaskóla Íslands skal hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og hafa tveggja ára starfsreynslu við hótelsstörf eða skyldan rekstur.
- l) Kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.
- m) Sérkennari nemenda með sérþarfir skal hafa lokið framhaldsnámi í sérkennslufræðum, 30 til 60 einingum, ásamt fullgildum prófum.

8. gr.

Engan skal skipa kennara við framhaldsskóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan í a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

9. gr.

Til þess að vera settur skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi.

Til þess að vera skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar í a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum.

10. gr.

Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla, sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd skv. 3. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða með hliðsjón af lögum þessum hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara og skólastjóra skólans. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

III. KAFLI Ráðningarreglur.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar og setur kennara, yfirkennara og skólastjóra við grunn-skóla og framhaldsskóla. Skólastjórar ráða stundakennara sbr. 12. gr. með samþykki skólanefnda þar sem þær eru starfandi.

Um meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Pegar fjallað er um umsóknir um kennslu- og stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal leita umsagna skólastjóra og skólanefndar, þar sem þær eru starfandi. Leita skal umsagnar skólanefndar ef um stöðu skólastjóra er að ræða.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar og/eða aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 12. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara eða framhaldsskólakennara án undangenginnar auglýsingar.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

12. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið.

Stundakennara má þó ráða:

- a) ef um er að ræða tímabundna heimild um stöðu frá menntamálaráðuneytinu eða viðkomandi fræðslustjóra;
- b) ef um er að ræða minna en hálfu stöðu;
- c) til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga;
- d) þann sem gegnir launuðu aðalstarfi öðru en kennslustarfi.

Stundakennara skv. a), b), og d) liðum skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

13. gr.

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslu við grunnskóla, sérdeildir eða við skóla fyrir börn með sérþarfir á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn grunnskólakennari skv. lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur þá skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og má ekki endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar skv. þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

14. gr.

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslu við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn framhaldsskólakennari skv. lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur þá skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mæla með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákv. 2. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar um að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar skv. þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. Þegar fjallað er um málefni sérskóla skal kveðja til sérmenntaðan mann á því sviði sem um er að ræða.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

15. gr.

Kennari sem hefur lokið fullgildu kennaraprófi fyrir gildistöku laga þessara eða hefur verið skipaður í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir sama tíma heldur óskertum þeim réttindum sem hann hefur nú lögum samkvæmt.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Grein til bráðabirgða.

Þeir sem fyrir gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar 6 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til starfsheitis og starfsréttinda skulu eiga kost á því að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins skal setja ákvæði í reglugerð.

Heimilt er að ráða eða setja þá sem slíka starfsreynslu hafa að baki í kennslustarf til eins árs í senn, en þó ekki til lengri tíma en fjögurra skólaára samtals frá gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. má setja eða ráða sem framhaldsskólakennara þann sem hefur verið settur í sama starf í 4 ár eða lengur og hefur lokið fullgildum prófum í kennslugrein, þótt ekki hafi hann réttindi samkvæmt lögum þessum. Þessi undanþága gildir næstu 4 ár eftir gildistöku laganna, en til loka starfsævinnar ef um er að ræða kennara sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laganna.

Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur:

Samtök kennara hafa lengi haft á stefnuskrá sinni lögverndun starfsheitis kennara ásamt endurskoðun á lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Haustið 1984 skýrði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, frá því að hún væri reiðubúin til þess að skipa nefnd fulltrúa tilnefndra af kennarasamtökunum til þess að starfa með fulltrúum menntamálaráðuneytisins að því að gera tillögur að frumvarpi um lögverndun starfsheitis kennara, sem væri sambærilegt við lögverndun á starfsheiti bókasafnsfræðinga, sbr. lög nr. 97/1984.

Nefndin var skipuð í október sama ár og segir í skipunarbréfi, að hún skuli vinna að gerð lagafrumvarps um lögverndun starfsheitis kennara. Í nefndina voru skipuð þau Hörður Lárusson deildarstjóri, Kristín H. Tryggvadóttir deildarstjóri fræðsluskrifstofu Reykjanes-umdæmis, Hanna Kristín Stefánsdóttir kennari, Kristján Bersi Ólafsson skólameistari, Sigurður Helgason deildarstjóri og Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Þórunn J. Hafstein deildarstjóri starfaði með nefndinni.

Þegar nefndin hóf störf kom fram að kennarar töldu lögverndun starfsheitis sambærilega við það sem bókasafnsfræðingar hefðu hlotið með lögum nr. 97/1984 ekki nægjanlega, þar sem þau lög fela ekki í sér lögverndun starfsréttinda. Lögðu kennarar þunga áherslu á endurskoðun á lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51/1978 samhliða lögverndun á starfsheiti.

Niðurstaðan varð sú að ráðherra heimilaði fulltrúum ráðuneytisins í nefndinni að kanna hvort unnt væri með viðunandi hætti að ná samkomulagi um ein lög, þar sem bæði væri kveðið á um starfsheiti og starfsréttindi án þess að skólastarfi í landinu væri stefnt í hættu sökum kennaraskorts. Á þessum forsendum hélt nefndin áfram störfum og varð sammála um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Helstu atriði í frumvarpi þessu og þau sem skilja það frá gildandi lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra eru:

1. Lögverndun starfsheitis er nýmæli.
2. Þau skilyrði sem uppfylla skal til að öðlast starfsréttindi eru nær óbreytt.
3. Matsnefnd, sem fjallar um hvort umsækjandi um starf uppfyllir sett skilyrði, leiki á því vafi, er starfandi skv. núgildandi lögum. Í stað þess að í henni sitji fulltrúar tilnefndir af Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands auk formanns skipaðir án tilnefningar er gert ráð fyrir að nefndirnar verði tvær: a) fyrir grunnskólastigið skipuð fulltrúum tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga og formanni án tilnefningar, b) fyrir framhaldsskólastigið skipuð fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga og formanni án tilnefningar. Aðild kennarafélaga að þessu mati er nýmæli.
4. Skv. gildandi embættisgengislögum eru ákveðin skilyrði einungis sett ef um er að ræða skipun í starf, en í fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir að sömu skilyrði um menntun þurfi að uppfylla til þess að fá setningu og ráðningu, þ. e. að óheimilt sé að skipa, setja

eða ráða til kennslustarfa annan en þann, sem uppfyllir þau menntunarskilyrði, sem nú er krafist til skipunar.

Þetta er meginbreyting frá gildandi lögum. Samkvæmt þeim er heimilt að setja og ráða menn til kennslustarfa þótt þeir hafi ekki full réttindi. Skv. frumvarpi þessu verður þetta óheimilt. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt sé að sækja um undanþágu til að ráða réttindalausán aðila til kennslustarfa ef ókleift reynist að fá réttindamann í kennslustarf. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið starfræki tvær undanþágunefndir, eina fyrir hvort skólastig, og geti þær heimilað lausráðningu starfsmanna til kennslustarfa.

5. Gert er ráð fyrir í bráðabirgaákvæði að þeir sem hafa unnið við kennslu undanfarin ár án réttinda fái tækifæri til þess að afla þeirra á næstu árum.

Lagafrumvarp þetta er byggt þannig upp að fyrst er fjallað um lögverndun starfsheitis, þá starfsréttindi og síðast um ráðningarreglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er nýmæli. Greinin felur í sér lögverndun starfsheitis grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, en hefur ekki í för með sér lögverndun starfsréttinda. Tilgangur með lögverndun starfsheitis grunnskólakennara og framhaldsskólakennara er að stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og starfi kennara. Jafnframt er verið að girða fyrir að aðrir en þeir sem hafa hlotið viðhlítandi menntun geti notað þessi starfsheiti.

Við umfjöllun nefndarinnar kom til álita að lögvernda starfsheitið kennari. Ekki var þó horfið að því ráði, þar sem þetta starfsheiti hefur öðlast hefðbundna merkingu í íslensku máli sem starfsheiti þeirra sem sinna hvers konar kennslu. Þá má einnig benda á að starfsheiti þetta hefur verið notað í ýmsum orðasamböndum s. s. danskennari, ökukennari o. s. frv. og mun slíkum kennurum eftir sem áður heimilt að nota starfsheiti sín án leyfis menntamálaráðherra.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir því að fá leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari. Hér er ekki um tæmandi talningu á skilyrðum að ræða sbr. það sem segir í h-lið 1. mgr. og d-lið 2. mgr. greinarinnar. Þessir tveir liðir vísa til allra töluliða.

Ekki þótti rétt að setja jafnárleg skilyrði fyrir veitingu leyfis til að nota þessi starfsheiti og gerð eru varðandi skipun, setningu eða ráðningu í starf sbr. 4., 5., 6., 7. og 8. gr.

Í 3. mgr. greinarinnar er tekið fram að heimilt sé að veita þeim sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laganna leyfi skv. 1. grein. Hér er um frávík að ræða frá þeirri meginreglu að ákveðnum menntunarskilyrðum þurfi að fullnægja til að öðlast leyfi skv. 1. grein. Rétt þykir að sama gildi að þessu leyti um þá sem þegar hafa verið skipaðir í starf. Til skýringar skal geta þess að Kennaraskóli Íslands var lagður niður árið 1971 og Kennaraháskóli Íslands stofnaður.

Um 3. gr.

Matsnefnd, sem fjallar um hvort umsækjandi um starf uppfylli sett skilyrði leiki á því vafi, er starfandi skv. núgildandi lögum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að matsnefndirnar verði tvær, sín fyrir hvort skólastig. Hlutverk nefndanna er að nokkru aukið miðað við núgildandi lög þannig að nefndirnar meta í vafatilvikum hvort skilyrðum til leyfisveitingar skv. 1. grein sé fullnægt og einnig hvort skilyrðum til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn í starf skv. II. kafla sé fullnægt. Aðild kennarafélaga að matsnefndum þessum er nýmæli.

Hlutverk matsnefndanna miðast við að tryggja fullt samræmi í mati náms sem fram fer á mismunandi tímum og á mismunandi stöðum. Á þetta við um allt nám kennara, hvort sem það fer fram á námskeiðum eða í reglulegum skóla. Á matið m. a. að veita upplýsingar um hvað einstaka umsækjendur skortir til að hljóta lögverndun starfsheitis skv. 1. grein. Tilgangurinn með þeirri nefndaskipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir er sá, að um mál þessi sé fjallað af sem mestri sérfræðiþekkingu og jafnframt að þeir aðilar sem mestra hagsmuna eiga að gæta sitji í nefndunum.

Enn fremur eiga matsnefndir að staðfesta mat á námi kennara eftir námseiningum svo sem verið hefur skv. gildandi lögum.

Ekki er lagt til að breytt sé ákvæðum gildandi laga um einingamat náms en nefndin telur þó að ýmislegt í þeim þurfi endurskoðunar við, svo sem innbyrðis mat á námi sem veitir sömu réttindi.

II. KAFLI

Starfsréttindi.

Markmiðið með þessum kafla er að stemma stigu við að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun verði ráðnir til kennslustarfa. Tilgangurinn er því sá að bæta skólustarf í landinu og auka gæði menntunar með því að snúa við þeirri þróun sem orðið hefur að undanförunu þar sem réttindalausn fólki við kennslustörf hefur fjölgað.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um skilyrði fyrir starfsréttindum grunnskóla-kennara og framhaldsskólakennara. Skv. gildandi lögum eru einungis sett ákveðin skilyrði ef um er að ræða skipun í kennslustarf. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að sömu skilyrði um menntun þurfi að uppfylla til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í kennslustarf. Meginreglan er því sú að óheimilt sé að skipa, setja eða ráða til kennslustarfa neinn þann sem ekki uppfyllir þau menntunarskilyrði, sem nú er krafist til skipunar. Þetta er meginbreyting frá núgildandi lögum sem heimila setningu eða ráðningu til kennslustarfa þó að umsækjendur hafi ekki full réttindi. Skv. þessu frumvarpi er þetta óheimilt.

Hins vegar skal það áréttað að gert er ráð fyrir að unnt verði að sækja um undanþágur ef ókleift reynist að fá réttindamann til kennslustarfa. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið starfræki undanþágunefndir sem geti heimilað lausráðningu starfsmanna til kennslustarfa, sbr. ákvæði III. kafla.

Um 4. gr.

Í grein þessari er fjallað um starfsréttindi í grunnskóla og hvaða skilyrðum umsækjandi þurfi að fullnægja svo að unnt sé að skipa, setja eða ráða hann í stöðu. Hér er tilgreint hvaða námseiningafjölda viðkomandi þarf að hafa lokið og einnig hvaða starfsreynslu hann þarf að hafa að baki. Grundvallarskilyrði er að viðkomandi hafi öðlast leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Í þessari grein eru jafnframt sett nokkuð ítarlegri skilyrði um skipun, setningu eða ráðningu ef um sérgreinar er að ræða sem sett eru í 2. grein frumvarpsins.

Í grein þessari er það nýmæli að miða skuli við að þeir sem lokið hafa BA-, BS-, eða cand. mag.-prófi kenni einungis sérgreinar sínar við grunnskóla. Þetta er þó ekki fortakslaust ákvæði sbr. orðalagið „skal miða við“.

Í 2. mgr. er fjallað um sérhæfðari kennslugreinar eins og handmennt, myndmennt, tónmennt o. s. frv. Þessi málsgrein er samhljóða ákvæði núgildandi laga með þeirri viðbót að umsækjanda eru einnig heimil kennsluréttindi í slíkri grein hafi hann tekið hana sem valgrein í almennu kennaranámi.

Til upplýsinga skal þess getið að tónmenntakennarar kenna tónmennt í grunnskólum en tónlistarskólakennarar við almennu tónlistarskólana og taka lög þessi ekki til þeirra síðarnefndu.

3. mgr. er samhljóða nógildandi lögum.

Í 4. mgr. er orðalagsbreyting á 1. tl. c-liðar 11. gr. nógildandi embættisgengislaga. Hér er ekki talað um afbrigðilega nemendur eins og í nógildandi lögum heldur nemendur með sérþarfir. Er gert ráð fyrir að umsækjendur hafi lokið námi í sérkennslufræðum allt að 60 námseiningum eftir ákvörðun Kennaraháskóla Íslands.

5. mgr. kemur í stað 2. tl. c-liðar 11. greinar nógildandi laga. Hér eru ekki taldar upp sérstaklega sérkennslugreinar heldur er gert ráð fyrir því að þær kunni að teljast fleiri en skv. nógildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er það áréttað að óheimilt sé að skipa kennara við grunnskóla nema ákveðin starfsreynsla sé að baki. Er greinin samhljóða 1. mgr. 7. gr. nógildandi laga um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Um 6. gr.

Hér kemur fram að sömu skilyrði eiga við um þá sem kenna við forskóla og þá sem kenna við grunnskóla. Eftir sem áður mun þó heimilt að ráða fóstrur til fósturstarfa við forskóla. Er gert ráð fyrir að heimild 74. greinar grunnskólalag nr. 63/1974 um að ráða fóstrur eða aðra starfsmenn haldist. Er óþarft að hafa ákvæði um fóstrur í þessum lögum, þar sem þau gilda einungis um grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir starfsréttindum í framhaldsskólum. Grundvallarskilyrði er að viðkomandi hafi öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Er gert ráð fyrir að matsnefnd skv. 3. grein þessa frumvarps fjalli um vafatilvik varðandi þau skilyrði sem sett eru í 2. grein þessa frumvarps sem og í þessa grein.

Efnislega er þessi grein sbr. 2. gr. frumvarpsins samhljóða 13., 14., 15., 16. og 17. grein nógildandi embættisgengislaga.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt frá nógildandi embættisgengislögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Grein þessi er óbreytt frá nógildandi embættisgengislögum að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að sama regla gildi um skólastjóra við heimavistarskóla og aðra skólastjóra.

Um 10. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 10. grein nógildandi embættisgengislaga.

III. KAFLI

Ráðningarreglur.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um hvernig skuli standa að skipun, setningu eða ráðningu kennara.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða nógildandi embættisgengislögum að því leyti að það er menntamálaráðherra sem skipar og setur kennara, yfirkennara og skólastjóra. Er 1.—3. mgr. greinarinnar því efnislega samhljóða 5. gr. nógildandi embættisgengislaga.

Frávik frá framangreindri meginreglu varðar stundakennara (sbr. 12. grein.), en gert er ráð fyrir því að skólastjórar ráði þá með samþykki skólanefnda þar sem þær eru starfandi. Er þessi regla í samræmi við ákvæði grunnskólalaga.

Ákvæði um meðferð umsagna er samhljóða núgildandi lögum en ástæða þótti að taka sérstaklega fram varðandi umsagnir skólanefnda við framhaldsskóla að slíkar nefndir eru ekki alls staðar starfandi.

Auglýsa á öll laus kennslu- og stjórnunarstörf.

Í 5. mgr. greinarinnar er tekið fram hvað skuli hafa til hliðsjónar við veitingu starfs og skal það sérstaklega áréttað að vægi allra hinna tilgreindu þátta er jafnt.

Um 12. gr.

Upphafsmálgrein þessarar greinar er stefnumarkandi að því leyti að fela skal kennslu einvörðungu fastráðnum kennurum eftir því sem við verður komið. Heimilt mun þá að ráða stundakennara við tilteknar aðstæður. Skal þá ráða stundakennara með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Stundakennarar skulu uppfylla sömu skilyrði og aðrir kennarar hvað viðvíkur menntun og hafa því full réttindi. Ef einungis fást réttindalausir starfsmenn til stundakennslustarfa þá ber að leita eftir heimild undanþágunefndar um ráðningu þeirra sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Grein þessi felur enn fremur í sér nánari skilgreiningu en áður á hugtakinu stundakennari.

Um 13. gr.

Að meginstefnu til er óheimilt að skipa, setja eða ráða til kennslustarfa aðra en þá sem uppfylla skilyrði 2., 4., 5., 6., 7. og 8. greinar þessa frumvarps. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari meginreglu. Slíka undanþágu veitir undanþágunefnd hlutaðeigandi skólastígs að fenginni umsókn frá skólastjóra. Slíka undanþágu má einvörðungu veita ef enginn umsækjenda sem fær meðmæli hefur full kennsluréttindi eða ef hvorki skólastjóri neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mæla með umsókn þess sem hefur slík réttindi og má þá einungis lausráða starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða. Þó mun aldrei heimilt að ráða slíkan starfsmann til lengri tíma en til eins árs í senn. Verði niðurstaða undanþágunefndarinnar samhljóða um hvort heimila skuli að lausráða slíkan réttindalausán umsækjanda er sá úrskurður bindandi. Verði hins vegar ágreiningur í undanþágunefnd til slíkrar lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra. Í 3. mgr. er áréttað að enda þótt slíkur starfsmaður sé ráðinn til kennslustarfa þá hafi hann þar með ekki rétt til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari. Skipan undanþágunefndar er mismundandi eftir því um hvort skólastigið er að ræða.

Um 14. gr.

Grein þessi á við um skipun, setningu eða ráðningu framhaldsskólakennara, sjá athugasemdir við 13. grein.

Um 15. gr.

Grein þessi mælir fyrir um óskert réttindi þeirra kennara sem lokið hafa kennaraprófi fyrir gildistöku laganna eða hafa verið skipaðir í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir þann tíma.

Um grein til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir sem starfað hafa við kennslu án kennsluréttinda um ákveðinn tíma skuli fá tækifæri til að afla þeirra án þess að staða þeirra breytist á meðan á námi stendur.

Ákvæði frumvarpsins um kennsluréttindi framhaldsskólakennara eru flóknari en hjá grunnskólakennurum. Þess vegna eru sérstök ákvæði um þá framhaldsskólakennara sem nú eru í starfi og hafa fullnægjandi menntun í kennslugrein en skortir kennsluréttindi.

Sjálfsgætt er að gera ráð fyrir að sama geti eftir atvikum átt við um sérgreinakennara í grunnskólum sem starfað hafa lengi án kennsluréttinda.